

Innköllun á Maískorni 420 g vegna málmaðskotahlutar

Fyrirtækið ORA hefur innkallað vöruna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.



Ástæða innköllunarinnar er hugsanlegur málmaðskotahlutur í þessari lotu. Með öryggi neytenda í forgangi er ákveðið að innkalla lotuna.

Upplýsingar um vöruna

- Vörumerki: Ora
- Vöruheiti: **Maískorn, 420g**
- Framleiðandi: ORA (Myllan-ORA ehf.) kt 660169-1729
- Framleiðsluland: Ísland
- Lotunúmer/best fyrir dagsetningar: Lotunúmer **L105293, BF. 21.01.2030**
- Geymsluskilyrði: Hilluvara
- Dreifing: Verslanir um land allt

Neytendum sem keypt hafa vöruna með þessu lotunúmeri er bent á að neyta hennar ekki. Neytendur geta skilað vörunni til **OJK-ÍSAM ehf, Blikastaðavegur 2-8**, 112 Reykjavík eða **ORA, Vesturvör 12**, 200 Kópavogur eða þar sem varan var keypt.

Frekari upplýsingar veitir gæðastjóri ORA í síma 856 2780 eða á netfangið quality@ora.is.

